

Skipulag og hagnýtar upplýsingar

Háskólinn á Bifröst annast skráningu í námskeið og sótt er um inntöku í menningarfræði á vef Bifrastar (www.bifrost.is). Háskólinn á Bifröst innheimtir skólagjöld fyrir sinn hluta námsins (45 einingar) og sér um innheimtu skráningargjalda sem renna til Háskóla Íslands. Skráningargjöld eru greidd við skráningu í námið, en skólagjöld dreifast á námstímann.

Námið hefst á Bifröst á sumarmissemi (26. júlí – 20. ágúst 2010). Námskeið sem kennd eru á haustmissemi fara fram við Háskóla Íslands. Á vormissemi er boðið upp á eitt námskeið í fjarnámi við Háskólann á Bifröst, og eitt við Háskóla Íslands. Á seinna sumarmissemi taka nemendur tvö námskeið í sumarnámi Háskólans á Bifröst (25. júlí – 19. ágúst 2011).

Við byrjun náms er nemendum úthlutað leiðbeinendum sem aðstoða við undirbúning og gerð lokaverkefnis. Nemendur eru hvattir til þess frá upphafi að vera sjálfstæðir og leitandi í vinnubrögðum og nýta sér námskeiðin til að byggja upp fræðilegan grunn sem nýtist við vinnu MA-ritgerðar.



Ljósmyndari: Dagur Gunnarsson

Nánari upplýsingar á ismenn.hi.is og bifrost.is

Umsjónarmenn

Jón Ólafsson, jonolafs@bifrost.is, 663 4664
Benedikt Hjartarson, benedihj@hi.is, 891 9318



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Menningarfræði MA-nám

➤➤➤ Ný háskólagrein í samstarfi
Háskóla Íslands og
Háskólans á Bifröst



Kynningarfundur 27. maí kl. 17

Í stofu 220 í Aðalbyggingu HÍ

Umsóknarfrestur til **15. júní 2010**

Markviss greining á samtímanum

Menningarfræði er ný háskólagrein sem á undanförunum árum hefur unnið sér sess innan hugvísinda.

Einkenni menningarfræðinnar

- ⇒ þverfagleg nálgun á viðfangsefnið.
- ⇒ viðleitni til að takast á við vandamál menningar og stjórnmála.

Menningarfræðin sneiðir óhjákvæmilega nærri samfélagsumræðunni hverju sinni. Markmið hennar er markviss greining á samtímanum í ljósi kenninga um menningu.

Menningarfræðin stendur nærri **heimspeki, bókmenntafræði, listfræði, mannfræði, sagnfræði og stjórnmálafræði**; hún kannar birtingarmyndir menningar hvarvetna í samfélaginu á fræðilegan hátt, án þess að bindast einu afmörkuðu fræðasviði. Greinin leitast við að draga fram tengsl sem eru á milli ýmissa þátta nútímalífs: stjórnmála, borgarlífs og náttúruhugmynda, hugmyndafræði, valds og kynjahlutverka, þjóðernis og alþjóðamenningar, bókmennta, lista og afþreyingar, menningararfs, menntastefnu og fjölmennningar, fjölmíðla, fagurfræði og andófs.



Menningarfræði er nú í boði sem nám til meistaraþráðu í fyrsta sinn í Íslandi. Hún er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans á Bifröst og útskrifast nemendur með sameiginlega gráðu frá báðum skólum. Námsbrautin er tilraunaverkefni að því leyti að skólarnir hafa ekki áður starfað saman með þessum hætti.

Námið er sérstaklega ætlað nemendum með traustan bakgrunn á sviði hug- eða félagsvísinda sem hyggjast annaðhvort búa sig betur undir frekara nám á sínu sérsviði eða efla fræðilega þekkingu sína og kunnáttu til að geta betur tekist á við krefjandi störf í samfélaginu. Námið er skipulagt þannig að hægt sé að ljúka fullu 90 eininga námi ásamt ritgerð á einu ári. Það fer fram á Bifröst á sumarmissemum við upphaf og lok námsins en við Háskóla Íslands á haust- og vormissemi, ásamt einu námskeiði í fjarnámi við Háskólann á Bifröst.

Námskeið og námstilhögun

- ⇒ Heimspeki 1: Greining
- ⇒ Kvikmyndafræði
- ⇒ Menningarfræði og þjóðfélagsrýni
- ⇒ Walter Benjamin og menningarrýni
- ⇒ Menning og andóf
- ⇒ Menningarhagfræði
- ⇒ Heimspeki 2: Gagnrýni
- ⇒ Stofnanir og stýring

Lokaritgerð og vörn

Mikilvægt er að undirbúningur lokaverkefnis hefjist strax við upphaf námsins. Almenn er miðað við að verkefnið sé hefðbundin lokaritgerð, en þó kemur til greina að nemendur nýti aðra miðla við gerð þess. Nemendur verja verkefni sín fyrir dómnefnd í lok seinna sumarmissemis.

Útskrift

Nemandi sem lýkur námi á venjulegum hraða útskrifast í september rúmu ári. eftir að námið hófst.